

MINNISBLAÐ

um ákvæði frumvarps um innstæðutryggingar um aðskilnað þriggja deilda Tryggingasjóðs.

Til: Efnahags- og viðskiptaráðuneytisins

Frá: Landslögum

Dags. 31. janúar 2011

Fram hafa komið þau sjónarmið að aðskilnaður deilda Tryggingarsjóðs sé ekki nægilega vel tryggður með orðalagi fyrirbyggjandi frumvarps og að það geti leitt til þess að aðilar sem eiga rétt á greiðslum úr einni deild geti gert kröfu á aðra deild einnig. Hefur efnahags- og viðskiptaráðuneytið óskað eftir álit Landslaga á þessu atriði.

Lög nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta tóku gildi þann 1. janúar 2000. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um að setja skuli á stofn Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, sem skuli vera sjálfseignarstofnun og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum með aðskilinn fjárhag og reikningshald, innstæðudeild og verðbréfadeild. Hefur deildarskiptingin ekki valdið vandkvæðum í þau 11 ár sem sjóðurinn hefur starfað.

Áður en lög nr. 98/1999 tóku gildi störfuðu tveir tryggingarsjóðir á Íslandi, Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða. Sjóðunum var heimilt að starfa í tveimur deildum, innstæðudeild, sem tryggði innstæður, og lánadeild sem gat veitt lán í því skyni að styðja við rekstur innlánsstofnunar. Tryggingarsjóður sparisjóða nýtti sér þá heimild og starfaði í tveimur deildum en ekki Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

Frumvarp það sem varð að lögum nr. 98/1999 byggði að miklu leyti á danskri fyrirmynd, Lov om en garantifond for indskydere og investorer, sem sett voru á árinu 1998. Í þeim lögum er kveðið á um að danskri tryggingarsjóðurinn (Garantifonden for indskydere og investorer) sé sjálfseignarstofnun, sem skuli starfa í þremur deildum; Pengeinstitutafdelingen, realkreditafdelingen og fondsmæglerselskabsafdelingen.¹

Í fyrirbyggjandi frumvarpi um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta er í 6. gr. kveðið á um starfsemi sjóðsins. Í 1. mgr. segir:

¹ Lov om en garantifond for indskydere og investorer

§ 1. Garantifonden for indskydere og investorer (Fonden) er en privat selvejende institution.

Stk. 2. Fonden skal yde indskydere og investorer i de i § 3, stk. 1, og § 4 nævnte institutter dækning for tab i henhold til §§ 9-11 i tilfælde af betalingsstandsning eller konkurs.

§ 5. Fonden er delt op i tre afdelinger: Pengeinstitutafdelingen, realkreditafdelingen og fondsmæglerselskabsafdelingen.

„Sjóðurinn starfar í þremur sjálfstæðum deildum. Innstæðudeildir eru tvær, A-deild og B-deild. Jafnframt starfar við sjóðinn verðbréfadeild. Deildirnar hafa aðskilinn fjárhag og reikningshald og bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hver annarrar.”

Það er því gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins á sviði verðbréfa og innstæðna verði í aðskildum deildum eins og verið hefur, en einnig að starfsemi sjóðsins tengd innstæðum verði í tveimur deildum, A- og B-deild. Þannig að A-deild taki til starfa frá gildistöku laganna og verði innstæðudeild sjóðsins til framtíðar, en að B-deildin starfi samkvæmt eldri lögum og undir hana falli núverandi eignir sjóðsins og skuldbindingar sem fallið hafa á sjóðinn fyrir gildistöku laganna.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að sjóðurinn verði hvorki tekinn til gjaldprotaskipta né er heimilt að gera aðför í eignum hans.

Í 12. gr. frumvarpsins eru ítarleg ákvæði um útgreiðslur úr A-deild sjóðsins. Þá er í 16. gr., 30. gr. og ákvæði til bráðabirgða III kveðið á um að eldri lög skuli gilda um B-deildina og að henni tilheyri kröfur sem þegar eru fallnar á sjóðinn.

Ekki verður séð að ákvæði frumvarpsins um sjálfstæði og aðskilnað deilda sjóðsins séu á neinn hátt óskýr. Verður því að telja að ef frumvarpið verður samþykkt sem lög frá Alþingi muni liggja fyrir skýr lagafyrirmæli um sjálfstæði deilda sjóðsins, aðskilinn fjárhag og reikningshald. Þá mun vilji löggjafans vera skýr um það að deildirnar beri ekki ábyrgð á skuldbindingum hvernar annarrar. Verður ekki séð að vöð sé á skýrari fyrirmælum um þessi atriði.

Í ljósi framangreinds verður ekki séð að nauðsynlegt sé að gera breytingar á frumvarpi um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta til að tryggja sjálfstæði og aðskilnað þriggja deilda Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

Virðingarfyllst,

Áslaug Árnadóttir hdl.